

**Endurskoðun á
menntunarmöguleikum
sjónskertra nemenda
á Íslandi**



• Skýrsla

John Harris MA MA
Nóvember 2006



Yfirlit yfir framkvæmdatriði - Inngangur

Meðan á endurskoðun okkar stóð hrifumst við af styrk og hæfni, áhuga og ábyrgðar-tilfinningu allra þeirra sem, eru undirstaða menntakerfis fyrir sjónskerta nemendur á neðri og efri skólastigum á Íslandi. Í tillögum okkar er fullt tillit tekið til þessara aðila.

Að mörgu leyti hefur þúsluspilinu þegar verið raðað saman, en nú þarf að bæta við nokkrum nýjum einingum og móta heildarskipulag fleiri stofnana, þannig að menntunarferlið verði eins hnökralaust og heildstætt og framast getur orðið.

Styrkleiki sá sem greindur var er lagður til grundvallar, en einnig fundum við veikleika sem við leggjum til að ráðin verði bót á, þannig að menntunin taki framförum og komið verði á fyrirkomulagi sem fullnægir þörfum sjónskertra nemenda á Íslandi öllu.

Bent er á styrkleika- og veikleikabætti í töflu sem er hluti skýrslu þessarar; þeir eru sérstaklega tilgreindir í dálkunum **Hvers vegna** og **Athugasemdir**; í dálkunum **Hvað**, **Hvernig** og **Hvenær** eru birtar tillögur okkar um aðgerðir við allar aðstæður.

Í meðfylgjandi viðaukum eru frekari upplýsingar til stuðnings, og í meðfylgjandi útdrætti og töflunni er vísað til þeirra upplýsinga.

Í endurskoðun okkar leggjum við áherslu á að lykilatriði við mótun bættrar þjónustu sem sniðin er að íslenskum aðstæðum sé að styrkja sem mest þá sem við urðurm varir við í kerfinu: Foreldra, fagaðila, stofnana, félagasamtaka, fjölskyldna, nemenda og sjálfboðaliða –

Með heildarmyndina í huga má draga tillögur okkar saman í fjóra meginflokka:

Menntakerfi fyrir sjónskerta á Íslandi ætti að verða:

1. Samþætt þjónusta með stofnun

- miðlægs gagnagrunns
- miðlægrar ráðgjafþjónustu

2. Skilgreind þjónusta milli stofnana varðandi

- mats og greiningaraðferðir
- brú milli skóla, atvinnu og símenntunar

3. Þjónustuúrræði

- grunn- og símenntun starfsfólks innanlands
- þróun námsgagna og kennslufræði

4. Samstarf þar sem

- hlutaðeigendur eru virkir á öllum stigum
- þátttaka þeirra er styrkt

Í eftirfarandi köflum eru tillögurnar dregnar saman og sundurliðaðar.

Kostnaður

Engin skýrsla er fullkomin án upplýsinga um þann kostnað sem henni fylgir. Við leggjum til að þær upplýsingar verði skoðaðar eftir að fjallað hefur verið um skýrsluna.

Með þessu er ekki verið að komast hjá því að ræða um kostnað, heldur stingum við upp á að væntanlegur átakshópur fjalli um hann á seinni stigum.

Á þessu stigi gætu jafnvel grófar hugmyndir um kostnað verið villandi. Það væri til dæmis ódýrara að greiða í eitt skipti fyrir þjálfun 10 starfsmanna á Íslandi en að senda slíkan hóp til hliðstæðrar þjálfunar í Noregi. Því fylgir mikil hagræðing að þekkingin verði til í landinu.

Varðandi þróun námsgagna og kennsluaðferða mælum við með því að þau gögn sem þegar eru í notkun víðs vegar um landið verði endurskoðuð með það í huga að nýta það besta úr þeim svo ekki sé verið að uppgötva hjólið á ný. Að þessu loknu ætti að gera vel ígrundaða kostnaðar- og aðgerðaáætlun sem uppfyllir þarfir nemenda.

Sumir þættir tillagna okkar munu ekki hafa umtalsverðan kostnað í för með sér, til dæmis endurskoðun skipulags Blindrafélagsins og aðgerðaáætlun sem fylgir í kjölfarið, eða endurskoðun á nýtingu fjármagns á ýmsum sviðum.

Við leggjum til að kostnaðaráætlun verði hluti af verkefnum átakshópsins.

Næstu Skref:

- **Kynning þessarar skýrslu fyrir völdum hópi** allra hlutaðeigandi aðila í þeim tilgangi að ná sem bestum árangri. Í meginatriðum hefur náðst samkomulag um þetta og hefur verið rætt um að slík kynning fari fram í lok febrúar eða byrjun mars 2007.
- **Skipun átakshóps** til þess að gera áætlun um og annast framkvæmd þeirra tillagna skýrslunnar sem samþykktar verða. Í hópnum skulu eiga sæti fulltrúar allra hlutaðeigandi aðila og hann ætti að stefna að því að vera framkvæmdahópur frekar en umræðuhópur.

Yfirlit yfir tillögur okkar

Við gerum það að tillögu okkar að eftirfarandi leiðir verði farnar til að koma á fót þjónustu við blinda og sjónskerta námsmenn á Íslandi, sem styðst við bestu alþjóðlegu reynslu og tryggir framþróun.

- 1 Stofnun miðlægs gagnabanka** vegna þess að:
 - Núverandi gögn eru ófullkomin og/eða óaðgengileg.
 - Hans er þörf vegna áætlana og þróunar hvers konar þjónustu.
- 2 Stofnun ráðgjafarþjónustu á landsvísu (sjá Viðauka 4)** í þeim tilgangi að:
 - Semja staðla fyrir landið
 - Þróa samþætta þjónustu við blinda og sjónskerta námsmenn með þátttöku þeirra og í samvinnu við stofnanir á sviði menntamála.

Með aðalbækistöð í Reykjavík og aðgengilegri gagnamiðstöð verður unnt að veita slíka þjónustu í sveitarfélögum um land allt.

3 Mótun aðferða til að meta, hafa reglubundið eftirlit með og endurskoða námsframboð fyrir nemendur (sjá Viðauka 7), og sem ættu að fela í sér eftirfarandi meginatriði:

- Tímasett rammaáætlun varðandi reglubundna endurskoðun og breytingar sniðnar að þörfum einstakra nemenda.
- Umsjón á höndum yfirmanns þverfaglegs hóps.
- Nemandinn er viðstaddur.
- Foreldrar og fagfólk gegna saman mikilvægu hlutverki í öllum aðgerðum, og má nefna rétt foreldra til að krefjast endurmats.
- Áfrýjunarferli er í viðmiðunarreglum fyrir foreldra og fagfólk.

4 Þjálfun og fagleg þróun fer fram á Íslandi þannig að:

- Starfsfólk þurfi ekki að fara til annarra landa til endurmenntunar og þjálfunar.
- Þjálfun og fagleg uppbygging verði sjálfbær og sett á fót á Íslandi.

5 Nám án hindrana við hæfi sérhvers sjónskerts nemanda í almennum skólum og í sérskólum samkvæmt greiningu og mati.

Við leggjum einnig til (**Viðauki 4: Fyrirkomulag þjónustu á landsvísu**) að yfirmaður námsþjónustu fyrir sjónskerta sé í beinu sambandi við öll svið hennar til að styrkja hlut menntageirans í ákvarðanatöku.

6 Uppbygging þjálfunar í umferli og sjálfstæði með námskeiðum fyrir íslenskt starfsfólk á landsvísu.

- Hjalagt er viðurkennt verkefni frá háskóla í Bretlandi um þetta efni (Viðauki 7) og þar kemur í ljós að það gæti hafist í september 2007 og útskrift fyrstu nemenda í desember 2008.
- Við teljum að þetta væri hagkvæmasta og virkasta aðferðin til að bæta úr núverandi skorti á sérhæfðum ADL- og umferliskennurum á Íslandi - en sem stendur eru í landinu aðeins tveir umferliskennarar sem eiga að kenna fólki á öllum aldri, og þeir þurfa einnig að sinna öðrum verkefnum.

7 Framkvæmdaáætlun til að styrkja samstarf

Óhætt er að telja að hlutverk Blindrafélagsins og samstarf þess við foreldrafélagið og æskulýðsdeildina sé mikilvægasti þátturinn í uppbyggingu menntunar og þjálfunar sjónskertra á Íslandi, og í meðfylgjandi töflu með tillögum eru nefnd nokkur dæmi um styrkleika þessara aðila.

Í þeim tilgangi að Blindrafélagið nái sem bestum árangri leggjum við til að endurskoða uppbyggingu, fyrirkomulag og skipulagningu starfsseminnar og að félagið láti gera framkvæmdaáætlun á þeim sviðum sem tilgreind hafa verið, og einnig á öðrum sviðum eftir því sem þörf krefur.

8 Við bendum á að aðgerða er þörf á því sviði er varðar flutning frá skóla til atvinnu og símenntunar alla ævi, sérstaklega fyrir þá sem ekki fara í háskóla.

Skortur er á undirbúningi fyrir atvinnulífið og á atvinnuendurhæfingu, einnig fyrir atvinnurekendur, fjölskyldur, aðra stuðningsaðila og sjálft menntakerfið.

Við leggjum til að fulltrúar frá Íslandi þiggi boð um aukaaðild að alþjóðlegu ESB-Leonardo da Vinci II-verkefni – “The Globe Project” - en þar eru þessi málefni þróuð og reynd.

- 9 Við könnuðum ýmis málefni sem vörðuðu **tengsl sérdeilda innan skóla**. Til að stuðla að skóla án aðgreiningar og draga úr einangrun nemenda í stað þess að auka hana, leggjum við til eftirfarandi:
- Þjálfun kennara (einnig nefnt framar) – bæði sérkennara og almennra kennara
 - Leggja aukna áherslu á gott aðgengi og búnað í skólabyggingum til að bæta stöðu sjónskerta nemenda og nemenda með aðrar fatlanir.

10 Breytt hlutverk sérskóla

Við bætum þessum þætti inn í skýrsluna því þetta málefni er stöðugt til umfjöllunar í öllum löndum, og er raunar mál sem alltaf þarf að vera á dagskrá þegar fjallað er um þróun sérkennslu.

Engin ein lausn hentar öllum, og einstaklingsmiðað nám sem byggir á niðurstöðum matsferlis sem unnið er reglulega, ætti að standa öllum nemendum til boða.

Uppbygging skýrslunnar

Að loknum stuttum inngangi og lýsingu á því hvernig athugunin fór fram leggjum við fram tillögur okkar um þróun þjónustu við námsmenn á öllum skólastigum á Íslandi.

Ætlunin er að skýrslan sé stutt og hnitmiðuð til að merkingin sé skýr og einföld. Tillögurnar eru til dæmis birtar í skýringarmyndinni **Átakspættir** og nánar er fjallað um þær í meðfylgjandi töflu. Vísað er til viðauka við skýrsluna, en þeir hafa að geyma frekari upplýsingar. Þá stefnum við að því að umfjöllun í texta sé ekki of langorð, öllu frekar að hún sé lýsandi fyrir umræður og þær tillögur sem við fjöllum um.

Úttektin var unnin að tilhlutan Blindrafélagsins með styrk frá Menntamálaráðuneytinu og Blindravinafélaginu en Halldór Sævar Guðbersson (formaður Blindrafélagsins) og Helga Einarsdóttir (Sjónstöð Íslands) lögðu fram eftirfarandi markmið í tölvupósti 20. ágúst 2006.

- Að gera ítarlega úttekt á menntun sjónskertra nemenda á aldrinum 6-20 ára á Íslandi.
- Að gera tillögur um þróun á góðri þjónustu.
- Að styðja gerð áætlunar sem Blindrafélagið getur lagt fram ásamt kostnaðaráætlun.

Í töflunni **Átakspættir** eru birt þau atriði sem við leggjum áherslu á.

Úttektin var unnin af John Harris (ráðgjafa um menntun fatlaðra einstaklinga) og Paul Holland, (kennsluráðgjafa vegna blindra og sjónskertra nemenda). Meðfylgjandi eru náms- og starfsferilsskrár (Viðauki 1). Endurskoðun byggist á 60-70 ára sameiginlegri reynslu þeirra varðandi menntun fólks með sérþarfir, ásamt þekkingu um menntun blindra og sjónskertra í Bretlandi, Evrópusambandinu og víðar.

Í skýrslunni eru lykilþættir sem við teljum forsendur fyrir góðu aðgengi blindra og sjónskertra námsmanna að menntun

- Sérmenntaðir blindrakennarar
- Mat á stöðu nemenda
- Krefjandi verkefni fyrir nemendur
- Skuldbinding skólayfirvalda um að tryggja nám án aðgreiningar

Grundvallarþátturinn eru gæði, ekki hvar þjónustan er veitt (**Tilvitnun: Inclusion: does it matter where pupils are taught?** Office for standards in Education: UK: 2006)

Bestu þakkir til þeirra sem við hittum – Blindrafélagsins, starfsfólks Menntamálaráðuneytisins, Sjónstöðvar Íslands, foreldra, nemenda og annarra aðila í skólum og félagasamtökum.

Við höfum hrifist mjög af framlagi og eldmóði fólks sem starfar með sjónskertum einstaklingum; við gerum okkur grein fyrir þeirri miklu þýðingu sem þekking þess og framlag hefur fyrir starf okkar, og það er sannfæring okkar að þessi þáttur sé styrkasta stoðin í framkvæmd væntanlegra áætlana.

Starfsaðferðir okkar

- Starf okkar byggðist á því að kanna aðgengi sjónskertra nemenda að menntun á öllum skólastigum með upplýsingum frá nemendum, foreldrum, skólum, sérfræðingum og viðkomandi stofnunum.
- **Upplýsingar frá Íslandi:** Við undirbúning heimsóknar okkar til landsins kynntum við okkur sérstaklega skýrslu sem gefin var út af Menntamálaráðuneytinu : **Blindir og sjónskertir nemendur: Bætt aðgengi að menntakerfinu (ágúst 2004).** Skýrsla okkar byggist á henni og stuðlar vonandi að frekari þróun mála.

Við fengum einnig upplýsingar um núverandi stöðu í málefnum blindra og sjónskertra á Íslandi; þjálfun starfsfólks, hlutverk mismunandi stofnana og upplýsingar um landfræðilegar aðstæður og samgöngur á Íslandi.

Við viljum nota tækifærið til að þakka öllum sem hlut áttu að máli og undirbjuggu komu okkar.

- **Upplýsingar úr öðrum heimildum:** Sérstaklega er vísað til verkefna sem talin eru upp í **Viðauka 2**; annarra heimilda er getið í texta skýrslunnar.
- **Staðir sem voru heimsóttir og viðræður:** Við þökkum þeim sem skipulögðu heimsóknir til þeirra fjölmörgu aðila sem taldir eru upp í **Viðauka 3**, og sem gerðu okkur kleift að fá heildarmynd af núverandi ástandi þessa málaflokks á Íslandi og ræða hann, svo að þessi skýrsla gæti endurspeglað reynslu og upplýsingar frá grasrótinni. Einnig hittum við foreldra, umönnunaraðila og fjölskyldur sjónskertra barna auk fjölda sérfræðinga, þannig að við fengum mjög góða heildarmynd.

Okkur hefur verið tjáð að fjölskyldur hafi flutt frá Íslandi til að sjónskert börn þeirra gætu hlotið viðeigandi og góða menntun.

- **Geta skal eins málaflokks sem ekki var tekinn fyrir í endurskoðun okkar** en það er menntun daufblindra barna. Við gerum okkur grein fyrir því að þetta er mjög sérhæft og sérstakt svið sem fer stækkandi vegna þróunar í málum fjölfatlaðra barna. Við leggjum til að þessi málaflokkur verði endurskoðaður á svipaðan hátt.

Slík endurskoðun ætti ekki aðeins að fjalla um námstilhögun fyrir börn sem eru blind eða sjónskert og heyrnarlaus eða heyrnarskert heldur einnig fyrir börn sem eiga við annars konar námsörðugleika og fötlun að etja. Þessi svið voru utan okkar verkahringis en við leggjum til að þau verði endurskoðuð á svipaðan hátt.

Starfsaðstaða okkar var hjá Blindrafélaginu og Sjónstöð Íslands þannig að við gátum daglega yfirfarið störf okkar með hliðsjón af heimsóknum, notað skrifstofuaðstöðuna og undirbúið kynningu. Við erum mjög þakklátir fyrir þessa aðstöðu.

Föstudaginn 3. nóvember var okkur boðið að hitta Ásgerði Ólafsdóttur og Guðna Olgeirsson (**Menntamálaráðuneytinu**) og Svandísi Ingimundardóttur og Kristinn Kristjánsson (**Sambandi íslenskra sveitarfélaga**) á aðskildum fundum til að ræða um fyrstu niðurstöður okkar og tillögur.

Í þessari skýrslu er efni kynninga okkar og þeirra umræðna sem fylgdu í kjölfarið birt í meðfylgjandi töflum, og þar eru upplýsingarnar undir eftirfarandi fyrirsögnum:

- **Hvað** (tillögur)
- **Hvers** vegna (rök og tilgangur)
- **Hvernig** (hugsanlegar aðferðir til að hrinda tillögunum í framkvæmd)
- **Hvenær** (hugsanleg tímamörk fyrir einstök atriði)

Í viðaukunum er, eins og áður er sagt, nánari vitneskja um efnið í töflunum.

Við leggjum áherslu á að tillögur okkar eru allar hagnýts eðlis og að þær eru byggðar á bestu fánlegu aðferðum og reynslu í Bretlandi og öðrum löndum. Þær byggjast allar á eftirfarandi verkreglum: Sérhæfðar - viðráðanlegar - framkvæmanlegar - raunhæfar - tímasettar.

Við leggjum hins vegar einnig áherslu á að ekki er gerð kostnaðaráætlun fyrir framkvæmd tillagnanna, enda var slík áætlun ekki hluti verkefnis okkar.

Samkvæmt þessu leggjum við til að **næstu skref** verði:

- **Skýrslan verði kynnt völdum hópi** fulltrúa allra hagsmunaaðila í þeim tilgangi að hún hafi sem mest áhrif. Þetta hefur í grundvallaratriðum verið samþykkt og hefur verið lagt til að kynningin fari fram í lok febrúar eða byrjun mars 2007.
- **Stofnaður verði átakshópur** til að gera áætlun og hrinda í framkvæmd þeim atriðum skýrslunnar sem samþykkt verða. Í hópnum ættu að eiga sæti fulltrúar allra hagsmunaaðila og ætti hann að leggja áherslu á að vera framkvæmdahópur fremur en umræðuhópur.

Við þökkum öllum sem hlut áttu að máli fyrir að fá tækifæri til að framkvæma þessa endurskoðun, og bindum vonir við að þessi skýrsla þyki áhugaverð og nýtist við uppbyggingu umræddrar þjónustu á Íslandi. Vinsamlegast hafið samband við mig, vakni einhverjar spurningar eða ef frekari upplýsinga er þörf.

John Harris
Nóvember 2006

• **Viðaukar**



Viðaukar 1-3 voru ekki þýddir það er hægt að skoða þá í ensku útgáfunni.

Viðauki 4

Skipurit yfir samþætta þjónustu á landsvísu: Sjóndepurð Fyrir sjónskerta nemendur á lægri og efri stigum menntakerfisins

Framkvæmdastjóri

Heilsa

- * Læknisfræðileg
- * Augnlækningar
- * Hjúkrun
- * Sjúkdómsmeðferð

Þjónustustjóri (sjónskertra)

- * Blindraletur
- * Sérfræðibúnaður
- * Hljóðbúnaður
- * Aðlöguð tækni

Úrræði

Aðstoðarþjónustustjóri (mat á nemendum)

Kennslu-
sálfræðingur

Ráðgjafi

Tölvutækja
leiðbeinandi

Kennarar
sjónskertra

Hreyfi-
þjálfar

Flytjanlegir
aðstoðar-
menn
í forskóla

Full eða hlutastörf eftir þörfum

Starfshópur um fjölbætt mat, endurskoðun og þróun (0-20 ára)

- Aðalstöðvar, framkvæmdastjórnun og skrifstofuhald í Reykjavík
- Flytjanleg hjálparsvæit: Fjarþjónusta

Viðauki 5

Sambætt þjónusta: Niðurstöður og markmið

Vertu heilbrigð(ur)

Líkamlega heilbrigður
Andlega og tilfinningalega heilbrigður
Kynferðislega heilbrigður
Heilbrigðir lífshættir
Neyttu ekki ólöglegra lyfja
Foreldrar, umönnunaraðilar og fjölskyldur stuðla að heilbrigðu lífverni

Vertu öruggur

Öruggur gegn illri meðferð, vanrækslu, ofbeldi og kynferðislegri misnotkun
Öruggur gegn meiðslum eða dauða af völdum slysa
Öruggur gegn yfirgangi og mismunun
Öruggur gegn glæpum og andfélagslegri hegðun í og utan skóla
Njóttu öryggis, stöðugleika og umhyggju
Foreldrar, umönnunaraðilar og fjölskyldur veita örugg heimili og stöðugleika

Njóttu og framkvæmdu

Tilbúinn í skólann
Sæktu skóla og njóttu hans
Náðu því markmiði að standast námsstaðla í grunnskóla
Náðu persónulegum og félagslegum þroska og njóttu útivistar
Náðu því markmiði að standast námsstaðla í framhaldsskóla
Foreldrar, umönnunaraðilar og fjölskyldur styðja nám

Leggðu eitthvað jákvætt af mörkum

Taktu þátt í ákvarðanatöku og styddu sveitarfélag þitt og umhverfi
Vertu löghlýðinn og taktu þátt í jákvæðu atferli í og utan skóla
Þróaðu jákvæð tengsl, en stundaðu hvorki ofbeldi né mismunun
Þróaðu með þér sjálfstraust og taktu á breytingum í lífi þínu og áskorunum með jákvæðum hætti
Þróaðu með þér framtakssemi
Foreldrar, umönnunaraðilar og heimili stuðla að jákvæðri hegðun


Öðlastu fjárhagslega velsæld

Leitaðu þér frekari menntunar, starfs eða þjálfunar að skólagöngu lokinni
Vertu reiðubúinn að hefja störf
Búðu í góðu húsnæði og sjálfbæru sveitarfélagi
Aðgengi að samgöngutækjum og efnislegum gæðum
Búðu á efnagóðum heimilum
Foreldrum, umönnunaraðilum og fjölskyldum er hjálpað til að standa fjárhagslega á eigin fótum

Hvert barn skiptir máli: Breyting fyrir börn: 2006

Viðauki 6

Sambætt þjónusta í fremstu röð



**Fjölstofna yfirstjórn
Sambætt skipulag
Sambætt ferli**

**Sambætt fyrsta flokks þjónusta
Niðurstaða fyrir börn og unglunga
Foreldrar
Fjölskyldur Sveitarfélög**

Aukin sambætting þjónustu fyrir börn hefur í för með sér að börn og unglingar:

- Njóta verndar gegn skaða
- fá betri tækifæri til að þroska og nýta hæfileika sína
- hljóta fyrr nauðsynlegan stuðning ef þau lenda í erfiðleikum; og eiga auðveldara með að nýta sér fyrr markvissa þjónustu, og án þess að fyrirverða sig, vegna náinna tengsla milli þessarar þjónustu og almennrar þjónustu.

Foreldrar og umönnunaraðilar munu, án tillits til uppruna:

- Ø Fá meiri og betri upplýsingar, ráðgjöf og stuðning; og
- Ø geta fengið markvissan stuðning þegar hans gerist þörf.

Slíkt fyrirkomulag mun krefjast persónulegrar, hágæða, sambættrar og almennrar þjónustu með auðveldu aðgengi að virkri og markvissri þjónustu sérfræðinga, sem yrði í höndum hæfs og reynds starfslíðs.

Hvert barn skiptir máli: Umbreyting fyrir börn: 2006.

Viðauki 7

Fjölstofnasvörun



Viðauki 8

Flytjanlegt námskeið: Atriði

1. Líkamleg vitund
2. Dulræn vitund
3. Sjáandi fylgdarmaður
4. Sjálfsvarnartækni
5. Nauðsynleg aðgát í starfi
6. Þekking á umhverfi
7. Íbúðasvæði
8. Miðborg
9. Aðgengi fyrir hjólastóla
10. Göngureinar yfir akbrautir
11. Ferðir um landið
12. Léleg lýsing

Viðauki 9

Færniáætlun

Sérfræðilegt mat

1. Persónuleg og félagsleg þróun
 - Framkoma og persónulegt hreinlæti
 - Viðeigandi framkoma við formlegar eða hálfformlegar aðstæður
 - Skipulagning tíma
 - Almenn heilsufar og öryggi (áhættuskipulagning)
2. Heimilishald
 - Umhirða fatnaðar
 - Umhirða heimilis
 - Almenn matseld
 - Undirbúningur máltíðar
3. Almenn tjáskipti
 - Skilningur á skriflegum upplýsingum
 - Ritun og upptökur
 - Tal og hlustun
4. Undirstöðustærðfræði
 - Talnafræði
 - Stærðfræði
 - Peningar
 - Þyngd og mælingar
 - Tími
 - Gagnameðferð
 - Lögum
 - Notkun reiknivéla

5. Upplýsingatækni

- Kapalsjónvarp
- Stafræn upptökutæki
- Talhugbúnaður
- Fartölva
- Lófatölva fyrir stafsetningu
- Tæki sem skannar skjöl og les fyrir sjónskerta
- Rafrænt blindraleturstæki
- Reiknivél

6. Félagsleg tölfræði

- Persónulegar upplýsingar
- Tími
- Tímaskyn (hugtak)
- Peningar
- Áætlaður kostnaður: Almennt
- Áætlaður kostnaður: Fatnaður
- Laun
- Fjarlægðir
- Áttir
- Samgöngur
- Annað

7. Hreyfanleiki

- Hreyfihjálpartæki; hentugur göngustafur, hljóðbylgjutæki
- Persónuleg staðsetning; kort og línurit
- Staðsetning innanhúss
- Staðbundið umhverfi utandyra
- Gönguleiðir yfir akbrautir; þ. á m. mismunandi merkingar og tækni (t.d. gangbrautir)
- Verslanir
- Almenningsgöngur
- Ferðir um miðborgina
- Hjálpartæki fyrir sjónskerta
- Persónulegt öryggi

Viðauki 10

Dæmi um starfslýsingu starfsþjálfara

Almenn lýsing

Starfsþjálfari hefur yfirumsjón og ber ábyrgð á þjálfun lærlinga á almennum vinnustöðum. Hlutverk starfsþjálfara verður að hjálpa lærlingum til að ná þeirri getu og framleiðni að starf hans verði smám saman óþarft og lærlingurinn geti unnið sjálfstætt og fullnægt starfskröfum vinnuveitandans. Starfsþjálfinn verður einnig tengiliður milli vinnuveitandans og stöðvarinnar. Eftir því sem líður á þjálfun lærlings minnkar þörfin fyrir umsjón á vinnustað. Vegna eðlis umsjónarstarfa þurfa aðilar sem þeim sinna að hafa sveigjanlegan vinnutíma, til dæmis óreglulegan dagvinnutíma, vinnu á helgi- og hátíðisdögum og/eða á kvöldin.

Þekking og reynsla

Þjálfinn þarf að hafa löngun og vilja til að kenna fólki með skerta starfsgetu. Með þjálfun og sjálfsmenntun þarf hann að afla sér þekkingar á mismunandi starfshömlun, til dæmis er varðar erfiðleika, líkamlega hömlun og félagslega aðlögun.

Kunnátta og geta

Þjálfinn þarf að hafa löngun og vilja til að umgangast fólk með skerta starfsgetu á jákvæðan hátt. Hann þarf að eiga auðvelt með að tjá sig munnlega og skriflega til að geta haft samstarf við einkafyrirtæki. Grunnkunnátta í tölvuvinnslu er nauðsynleg.

Annað

Gilt, fullnægjandi ökuskírteini.

Þarf að hafa, eða vera fús til að afla sér vottorðs um kunnáttu í endurlífgun og skyndihjálp. Kennslu- eða sálfræðiþekking er kostur en ekki nauðsyn.

Athugasemdir

Þjálfni þarf að vera sáttur við, og styðja á virkan hátt, markmið stöðvarinnar og fylgja siðareglum með því að sýna næmi, virðingu og skilning á sérþörfum fólks sem á við starfshömlun að etja, vera til fyrirmyndar í klæðnaði, tali og hegðun, njóta trúnaðar lærlinga og fara eftir settum reglum og stöðlum.

Ofangreind starfslýsing er hugsuð sem drög, en hún setur starfinu ekki takmarkanir.

Sérstakar skyldur og ábyrgð

- o Vera talsmaður lærlinga gagnvart vinnuveitanda og samstarfsmönnum hvað varðar gagnkvæma viðurkenningu, samstarf og hagræðingu.
- o Taka þátt í og stjórna daglegri framleiðslu á vinnustað, skrá vinnutíma og mætingu og halda til haga upplýsingum um verk unnin í ákvæðisvinnu, þegar þess gerist þörf.
- o Halda skýrslur um gæðaeftirlit og staðla sem verksali gerir kröfur um.
- o Veita lærlingi munnlegar og skriflegar upplýsingar um framgang verks og kröfur vinnuveitanda (til dæmis að veita upplýsingar varðandi matsgerð, aðstoða við mælingar á tíma og hreyfingu, annast vinnuskýrslur, mat o. fl.).
- o Hjálpa lærlingi til að ná settum starfsferilsmarkmiðum og við áætlun um starfsstuðning í samstarfi við starfsfólk og aðra stuðningsaðila.
- o Fara yfir skýrslur með skipuleggjanda verkefnisins og lærlingi, gefa upplýsingar um frammistöðu hans og um breytingar á verkefninu.
- o Þjálfna lærling í framkvæmd þeirra verkefna sem starfið krefst með því að kynna honum alla þætti þeirra, aðstoða hann við starfsgreiningu og verklok og veita annan nauðsynlegan stuðning meðan á verki stendur.
- o Sækja og taka virkan þátt í vikulegum starfsmannafundum, námskeiðum, starfsfundum og viðkomandi fundum starfsfólks um þróun mála.
- o Flytja lærlinga til og frá vinnustað þegar aðrir flutningsmöguleikar eru ekki fyrir hendi (strætisvagnar, einkabifreiðar eða annað).
- o Önnur skyldustörf samkvæmt samkomulagi.



Endurskoðun á menntunarmöguleikum sjónskertra nemenda á Íslandi

November 2006

Atriði	Hvað	Hvers vegna	Hvernig	Hvencær	Athugasemdir	Umsögn
1	Gagnagrunnur á landsvísi	Núverandi gögn ófullkomin eða óaðgengileg	Safna saman gögnum og byggja upp bankann	Forgangur	Nauðsynlegt fyrir alla áætlanagerð og þróun	
2	Ráðgjafarþjónusta á landsvísi (Viðauki 4)	Byggja upp staðla Byggja upp innan menntakerfisins þjónustu við blinda og sjónskertra námsmenn	Stöðugt og í góðum tengslum við umhverfið Samstarf allra stofnana sem að málum koma Hlutverk leiðandi fagaðila Dæmi: Öll börn skipta máli: - Hvað niðurstöður fela í sér (Viðauki 5) - Þjónusta án aðgreiningar (Viðauki 6)	Sífelld	Höfuðstöðvar í Reykjavík Kanna möguleika á nýfingu fyrirgjgjandi húsnæðis Færanleg þjónusta um allt land Gott aðgengi að hjálpartækjum	
3	Mat, eftirfylgd og endurskoðun	Jafn réttur óháður staðsetningu				

Foreldrar og fagfolk gegni lykilhlutverki við skipulagningu og ákvarðanir á þjónustu við hvert barn og við gerð áætlana til að tryggja að þörfin verði ekki vanmetin (Visual Impairment: 1997)



Endurskoðun á menntunarmöguleikum sjónskertra nemenda á Íslandi

Atriði	Hvað	Hvers vegna	Hvernig	Hvencær	Athugasemdir	Umsógn
--------	------	-------------	---------	---------	--------------	--------

November 2006

(Viðauki 7)

Ferlið ætti að fela í sér: - Rammaáætlun um reglulega endurskoðun og breytingar, með tímaramma - Leiðandi fagaðila, þverfaglegs hóps - Nemandann - Athugasemdir foreldra - Möguleika foreldra að óska eftir endurmati - Átryjunarferli	Í þverfaglegu teymi sitja: - Ráðgefandi barnalæknir - Skólasálfræðingur - Blindrakennari - Foreldrar - Félagssráðgjafi - Viðeigandi meðferðaraðilar t. d. sjúkrabjálffarar - Augnlæknir - Umferliskennari	Forgangur	Endurmat: - Þegar breytingar eiga sér stað - Árlega - Að ósk einhvers aðila - Sérstaklega á aldrinum 14+ (fíl undirbúnings fyrir menntun eða starf eftir 16 ára aldur)
--	---	-----------	--

4 Þjálfun og fagleg þróun

Sérmenntaðir kennarar og skuldbinding yfirvalda um jafnan rétt allra nemenda tryggir árangur(Ófsted: UK: 2006)



Endurskoðun á menntunarmöguleikum sjónskertra nemenda á Íslandi

Atriði	Hvað	Hvers vegna	Hvernig	Hvencær	Athugasemdir	Umsögn	November 2006
--------	------	-------------	---------	---------	--------------	--------	---------------

Skortur á blindrakennurum og öðru sérmenntuðu fólki á sviði sjónskerðingar

Skortur á sérfræðingum við gerð námsefnis á blindraletri

Fjarnám, námskeið við Háskólann í Birmingham eða Háskólann í Osló

Fyrir:

- Blindrakennara
- Stuðningsfulltrúa
- Ráðgjafa
- Frammistöðumat
- Almenna kennara
- Sérfræðinga í blindraletri
- Sérfræðinga í tölvufengdum hjálpartækjum

Tilbúð í byrjun september 2007

Felur í sér faglega þekkingu á:

- Námsáætlunum
- Kennslufræði
- Úrræðum
- Blindraletri
- Eftirliti og endurmati
- Mati og greiningum
- Umferliskennslu
- Hlutverki foreldra og þátttöku
- Stuðningi fyrir foreldra og fjölskyldur
- Tölvufengdum hjálpartækjum
- Kennslu í sérstökum námsgreinum
- Þjálfunarmöguleikum
- Bótakerfi
- Augnsjúkdómum



Endurskoðun á menntunarmöguleikum sjónskertra nemenda á Íslandi

Atriði	Hvað	Hvers vegna	Hvernig	Hvencær	Athugasemdir	Umsógn	November 2006
--------	------	-------------	---------	---------	--------------	--------	---------------

5	Kennslu- og námsgögn	Lágmarka hindranir í námi Tryggja að námsefni sé í samræmi við þarfir nemenda Á vegum skólans til að tryggja - Aðgengi - Að skólinn beri ábyrgð - Þjálfun - Einaöldun - Jafnrétti til náms - Að sjónskertir nemendur verði ekki skildir útundan	Úttekt og skráning á þeim gögnum sem til eru Tryggja þarf fjármagn og að fjármagninu sé veitt eftir forgangsörð og þarfir Skilgreina og kynna þjónustu við framleiðslu efnis á blindaletri, stækkuðu letri og hjóðbókum Skilgreina íslenska blindraletursstaðalinn	2007 > Skrá yfir kennslu- og námsgögn sem til eru Sífelld þróun	þörf fyrir þjálfun starfsfólks þörf fyrir aðgengileg námsgögn Úttekt og endurmat á framkvæmd og árangri Leggja áherslu á blindraletur		
		Styðja sérgreinakennara í almennum skólum við kennslu sjónskertra nemenda, en það er skortur á kennslu- og námsgögnum t.d. í kennslu raungreina	Leggja áherslu á kennslu blindraleturs Nota tölvutengd hjálpartæki				
		Öll bókasöfn (skóla og sveitarfélaga) ættu að hafa: - Gögn á blindaletri - Gögn á stækkuðu letri - Hljóðbækur					



Endurskoðun á menntunarmöguleikum sjónskertra nemenda á Íslandi

Atriði	Hvað	Hvers vegna	Hvernig	Hvencar	Athugasemdir	Umsógn	November 2006
--------	------	-------------	---------	---------	--------------	--------	---------------

- | | | | | | | | |
|---|---|---|--|---|--|--|--|
| 6 | Kennsla í umferli og þjálfun í sjálfshjálpi og sjálfstæði | Takmörkuð þjónusta fyrir fjölskyldur, nemendur og starfsmenn

Aðeins tveir menntaði umferliskennarar starfandi og sinna öllum aldursþópum og fleiri störfum

Byggja upp menntun fyrir umferliskennara á Íslandi

Samþætta bóklega þekkingu og starfsþjálfun
(Viðauki 9) | Byggja upp viðurkennt nárn á Íslandi í tengslum við Háskóla í Breiðlandi
(Viðauki 8)

Þjálfra íslenska umferliskennara í kennslu umferliskennara svo að hægt sé að mennta kennara eftir þörfum | Tilbúið í september 2007

Fyrsta útskrift í desember 2008 | | | |
|---|---|---|--|---|--|--|--|



Endurskoðun á menntunarmöguleikum sjónskertra nemenda á Íslandi

Atriði	Hvað	Hvers vegna	Hvernig	Hvencær	Athugasemdir	Umsögn
7	Stuðningur við foreldra og fjölskyldur	Foreldrar sem þátttakendur, þar á meðal sjónskerfir foreldrar	Félag fyrir allt landið með svæðisbundnum hópum	Forgangur	Þörf fyrir aðgerðaráætlun m.a. til að meta þörf fyrir þjálfun	November 2006
	Hlutverk á öllum stigum matsferils	Hlutverk á öllum stigum matsferils	Tengt Blindrafélaginu		Félags- og tómstundastarf	
	Ráðgjöf um bætur og tryggingakerfið	Ráðgjöf um bætur og tryggingakerfið	Próun á núverandi uppbyggingu, fyrirkomulagi og skipulagi		Þróun stefnumótununar og ráðgjafar í samstarfi við ráðuneyti og sveitarfélög	
	Námskeið	Námskeið				
	Aðgengi að þekkingu, gögnum og hjálpartækjum	Aðgengi að þekkingu, gögnum og hjálpartækjum				
	Aðgengi að upplýsingum	Aðgengi að upplýsingum				
	Hlutverk foreldradeildar Blindrafélagsins og tengs við æskulýðsdeildina	Hlutverk foreldradeildar Blindrafélagsins og tengs við æskulýðsdeildina				
	Gagnkvæmur stuðningur	Gagnkvæmur stuðningur				
	Samstarf	Samstarf				
	Eftirlit og mat á þjónustunni	Eftirlit og mat á þjónustunni				



Endurskoðun á menntunarmöguleikum sjónskertra nemenda á Íslandi

Atriði	Hvað	Hvers vegna	Hvernig	Hvencær	Athugasemdir	Umsógn
--------	------	-------------	---------	---------	--------------	--------

November 2006

8	Frá skóla til atvinnu	<p>Upplýsingar frá ungu fólki, foreldrum og fagfólki benda til:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Skorts á undirbúningi fyrir atvinnuþátttöku - Skorts á atvinnuendurhæfingu - Skorts á viðeigandi starfsáætlunum til að styðjast við 	<p>Endurskoða undirbúning í skólum fyrir atvinnuþátttöku</p> <p>Þjálfun í sjálfstæði og félagsfærni</p> <p>Hlutverk starfsþjálfra (Viðauki 10)</p> <p>Starfsendurhæfing</p>	Sífelld	<p>Athuga möguleika á þátttöku í Leonardo da Vinci Globe verkefni á vegum Evrópusambandsins</p> <p>Samstarfsverkefni margra landa (2007)</p>	
9	Samband sérdeilda og skóla	<p>Stuðningur við skóla án aðgreiningar</p>	<p>Þjálfun kennara</p> <p>Nauðsyn blindrakennslubekkingar kennara</p> <p>Námsgögn og aðferðir</p> <p>Mál sem tengjast félagslegri einangrun - aðgreining og þátttaka</p>	Sífelld		
	Átak varðandi aðgengi fyrir alla í skólunum	<p>Stýðja skóla án aðgreiningar og lágmarka óþægindi</p>	<p>T.d.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Merkingar á tröppunef - Upphleypar merkingar á gólf - Leiðsögulínur - Skörp líftaskil 			



Endurskoðun á menntunarmöguleikum sjónskertra nemenda á Íslandi

Atriði	Hvað	Hvers vegna	Hvernig	Hvencær	Athugasemdir	Umsögn	November 2006
--------	------	-------------	---------	---------	--------------	--------	---------------

10 Breytt hlutverk sérskóla

Þetta er stöðugt umræðuefni í mörgum löndum, eins og fram hefur komið hjá Evrópusambandinu og stutt er með rannsóknum og fillögum um viðmiðunarreglur. Þessi þáttur er ræddur hér til þess að tryggja að ekki verði iögd áhersla á aðgreiningu barna með sérþarfir þannig að:

- hagsmunum þeirra sé gætt í allri stefnumótun og
- að þörfum þeirra sé mætt í almennum skólum, án tillits til búsetu frá upphafi skólagöngu.

Þessu markmiði er náð með samstarfi milli þeirra sem að málum koma og stutt með áætlun sem byggir á fjórum lykilþáttum:

- Snemmtækri hlutun: til að tryggja að börn með sérþarfir fái þá hjálp sem þau þurfa eins fjótt og mögulegt er og að foreldrar barna með sérþarfir hafi aðgang að aðgengilegri þjónustu fyrir börnin
- Fjarlægja hindranir til náms: með því að byggja upp nám án aðgreiningar í öllum skólum frá upphafi skólagöngu.
- Auka væntingar og bæta árangur: með því að styðja kennara og byggja upp leiðir til að mæta þörfum barna með sérþarfir og fylgjast betur með framförum þeirra
- Samstarfi milli þjónustuaðila til að mæta þörfum barna og fjölskyldna.

(Removing Barriers to Achievement: Department for Education and Skills: 2004)

